



Fundur í byggingar- og skipulagsnefnd Fljótisdalshrepps í Végarði 17. janúar 2020 kl. 16:30.

Fundarmenn: Eiríkur J. Kjerúlf formaður, Helga H. Vigfúsdóttir, Jón Þór Þorvarðarson og Sveinn Þórarinsson, byggingarfulltrúi.

1. Þjónustuhús við Hengifossá

Fljótisdalshreppur sækir um byggingarleyfi fyrir þjónustuhús við Hengifossá. Húsið er steinsteypt á einni hæð samtals 165,4 m². Veggir eru steinsteytir svo og þakplata sem er einangruð ofanfrá með 150 mm polystyren einangrun og 50 mm steinullareinangrun sem ysta lag, einangrun varin gegna raka með þakdúk og grasþekju. Vakin er athygli á að lagnir frá varmadælu liggja að hluta til utan lóðarmarkna. Nefndin felur byggingarfulltrúa að vísa málinu til kynningar og umsagna hjá HAUST og hjá Brunavörnum. Byggingar- og skipulagsnefnd samþykkir fyrir sitt leyti að veita byggingarleyfi fyrir framkvæmdinni.

2. Arnaldsstaðir. Umsókn um framkvæmdaleyfi fyrir skógrækt.

Eigandi Arnaldsstaða sækir um framkvæmdaleyfi fyrir skógrækt í landi jarðarinnar. Fyrirhugað skógræktarsvæði er um 40 hektarar sitt hvoru megin við veg sem liggur um jörðina vestan Kelduár inn Suðurmúla. Byggingar- og skipulagsnefnd mælir með að umbeðið framkvæmdaleyfi verði veitt, enda sé þess gætt að skógræktin skerði ekki umferðaröryggi og uppfylli önnur almenn skilyrði við framkvæmd skógræktar.

3. Fundur í Végarði 9. jarúar með starfsmönnum Brunavarna.

Frá Brunavörnum voru mættir Haraldur Eðvaldsson og Ingvar Birkir Einarsson og f.h. sveitarfélagsins oddviti og byggingarfulltrúi. Fyrst og fremst var fjallar um aðgang að vatni til slökkvistarfa. Tveir brunahanar eru innan sveitarinnar annar við Fljótisdalsstöð og hinn á Skriðuklaustri við Snæfellsstofu. Einnig kom fram að nauðsynlegt sé að kortleggja og í einhverjum tilvikum útbúa greiðan aðgang til vatnstöku við ár.

4. Verkefni samfélagsnefndar.

Eftir fund með slökkviliðsstjórum komu Ásdís Helga verkefnisstjóri og Þórhallur formaður Samfélagsnefndar á fund byggingarfulltrúa og kynntu fyrir honum verkefni sem unnið er að og varðar staðarval í Fljótisdal fyrir byggðakjarna. Nefndarmenn ræddu verkefnið lítillega en það er enn á frumstigi. Meðal nefndarmanna í byggingarnefndinni kom einnig til umræðu sá möguleiki að koma upp aðstöðu fyrir tækjakost Búnaðarfélagsins og jafnvel einhverri aðstöðu sem gæti stutt við bakið á þeim atvinnurekstri sem fyrir er í sveitarfélaginu.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið kl. 17:20.

Fundarritari: Sveinn Þórarinsson

Sign: Eiríkur J. Kjerúlf, Helga H. Vigfúsdóttir,
Jón Þór Þorvarðarson